

# Fyrstu skrefin - Vistvæn innkaup

## Geta, vilja og skilja

### Myndið hóp

Stofnið hóp hjá ykkar stofnun/ráðuneyti:

- Hópurinn verður umhverfishópur eða grænt teymi stofnunarinnar
- Hópurinn ber ábyrgð á að innleiða vistvæn innkaup hjá þinni stofnun
- Í hópnum sitja hvoru tveggja þeir sem sinna daglegum innkaupum og þeir sem hafa áhuga á umhverfismálum

### Haldið fund

Ákveðið hvernig hópurinn á að vinna:

- Hvenær - hittast vikulega eða mánaðarlega?
- Ábyrgð - skipta með sér verkum eða samvinna?
- Afurðin – er stefnt að því að birta skýrslu/finna tölfræði/gera almenna samantekt?

### Vinnið saman að markmiðum

Ákveðið tímasett og mælanleg markmið:

- Markmið í umhverfismálum – notið *Hugmyndalista fyrir vistvænan rekstur*
- Markmið í innkaupamálum – notið grænt bókhald

### Vinnustofa um vistvæn innkaup

Klárið eftirfarandi verkefni áður en mætið í Vinnustofu um vistvæn innkaup:

- Fyllið inn í *Aðgerðarlista fyrir innleiðingu vistvænna innkaupa*
- Fyllið inn í *Hugmyndalista fyrir vistvænan rekstur*
- Fyllið inn í *Yfirlit innkaupa*
- Sendið lykilmörgum bréf um stefnu stofnunarinnar

### Fleiri hugmyndir:

Passið upp á að upplýsa forstjóra/forstöðumann/ráðneytisstjóra reglulega um framgang vinnunnar því fullur stuðningur æðsta stjórnanda er mjög mikilvægur, t.d. ef gera þarf einhverjar breytingar á verklagi til að styðja við vistvæn innkaup.

Verið óhrædd við að sækja ykkur upplýsingar og aðstoð þangað sem hún býðst. Nýtið ykkur vefinn [www.vinn.is](http://www.vinn.is) því þar er að finna mikið magn gagnlegra og áhugaverðra upplýsinga. Hafið samband við starfsmenn hjá Ríkiskaupum eða Umhverfisstofnun ef það vakna hjá ykkur spurningar

Munið að meta árangur og verðlauna/hrósa ykkur sjálfum þegar vel tekst til. Upplýsið samstarfsmenn ykkar um hvernig starfinu miðar.

**Umhverfismál eru framtíðin – vistvæn innkaup eru verkfærið**